

ÁRSSKÝRSLA 2023

Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra



Sjálfsbjörg

landssamband
hreyfihamlaðra

Lögð fram á landsfundi samtakanna 26.-27. apríl 2024

Betra aðgengi – öllum í hag!

Útgefandi:

Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra

Hátúni 12, 105 Reykjavík

Sími: 5500-360, netfang: info@sjalfsbjorg.is

Ábyrgðarmaður:

Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir og Sigríður Agnes Sigurðardóttir

Uppsetning, umbrot, prentun:**Forsíða**

Mynd af nýju merki Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra

Hönnuður: Alexandra Ýr Bridde

Efnisyfirlit

[Ávarp formanns. 5](#)

[1. Stjórnir og starfsfólk. 6](#)

[1.1 Stjórn Sjálfsbjargar lsh. 6](#)

[1.2 Formenn aðildarfélaga Sjálfsbjargar lsh. 7](#)

[1.3 Starfsfólk 2023. 8](#)

[2. Nefndir og starfshópar 9](#)

[2.1 Kjörnefnd. 9](#)

[2.2 Laganefnd. 9](#)

[2.3 Hjálparliðasjóður Sjálfsbjargar 10](#)

[3. Rekstrarmál – starfsemi 11](#)

[3.1 Kjarkur endurhæfing. 11](#)

[3.2 Sjálfsbjargarhúsið. 12](#)

[3.2.1 Sagan. 12](#)

[3.2.2 Húsnæðismál 2023. 13](#)

[3.3 Þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar 15](#)

[3.4 Hjálpartækjaleiga Sjálfsbjargar 15](#)

[4. Fjármál 15](#)

[4.1 Fjárhagsstaðan. 15](#)

[4.2 Starfsmannamál 16](#)

[4.3 Helstu tekjupóstar og fjáraflanir 17](#)

[4.3.1 Húsaleiga. 17](#)

[4.3.2 Hapdrætti 17](#)

[4.3.3 Hollvinir Sjálfsbjargar 17](#)

[4.3.4 Styrkur ÖBÍ Réttindasamtaka 18](#)

- [5. Félagsmálin.](#) 18
- [5.1 Landsfundur 2023.](#) 18
- [6. Málefnnastarfið.](#) 18
- [6.1 Aðgengismál](#) 18
- [7. Upplýsingamál](#) 20
- [7.1 Ársskýrsla.](#) 20
- [7.2 Klifur](#) 20
- [8. Tengingar út í samfélagið.](#) 21
- [9. Helstu mál á fundum stjórnar Sjálfsbjargar Ish. 2020.](#) 23
- [10. Aðildarfélög Sjálfsbjargar Ish. og stjórnarfolk 31.12. 2020.](#) 24
- [11. Drög að ársreikningi Sjálfsbjargar Ish. fyrir 2023.](#) 28

Ávarp formanns



Árið 2023 var krefjandi fyrir samtökin en með samstöðu og þrautsegju komumst við yfir bröttustu bakkana. Við unnum hörðum höndum við að rétta af rekstur félagsins og héldum áfram því góða starfi sem okkur er ætlað. Það er alveg á hreinu að ef ekki hefði verið fyrir þær fórnir sem stjórn og fleiri færðu værum við ekki stödd hér í dag.

Ég vil þakka stjórn, formönnum og félagsfólki kærlega fyrir að leggja hönd á plóg. Við megum vera stolt af að bera Sjálfsbjargar-hjartað í brjósti vor.

Síðastliðið starfsár kenndi okkur margt og af því stendur eitt atriði uppúr. Við erum samtök fatlaðs fólks og eigum að starfa sem slík. Við sem fatlað fólk höfum þekkingu, kunnáttu og getu til að ná fram breytingum ef við bara þorum. Mátturinn er okkar.

Takk fyrir að treysta mér fyrir formennsku þessa frábæra félags síðastliðin tvö ár. Ég hlakka til að fylgjast með félaginu blómstra í öllum þeim verkefnum sem framundan eru.

Baráttukveðjur,

Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir

Formaður Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra frá 2022 til 2024

1. Stjórnir og starfsfólk

1.1 Stjórn Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra


Eftirtaldir einstaklingar sitja í stjórninni að loknum landsfundi 2023.



Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir, Sbj. á Höfuðborgarsvæðinu, formaður



Rúnar Þór Björnsson, Sbj. á Akureyri, varaformaður




Frímann Sigurnýasson, Sbj. á Höfuðborgarsvæðinu, ritari



Kristján Júlíusson, Sbj. Bolungarvík, meðstjórnandi



Elmar Logi Heiðarsson, Sbj. á Akureyri, varamaður



Hanna Margrét Kristleifsdóttir, Sbj. á Höfuðborgarsvæðinu, varamaður

1.2 Formenn aðildarféлага Sjálfsbjargar lsh.

Grétar Pétur Geirsson	Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu
Kristján Karl Júlíusson	Sjálfsbjörg í Bolungarvík
Hafdís Eyland Gísladóttir	Sjálfsbjörg á Siglufirði
Margrét Sigríður Jónsdóttir	Sjálfsbjörg á Suðurnesjum
Herdís Ingvadóttir	Sjálfsbjörg á Akureyri og nágrenni
Hafsteinn Vilhjálmsson	Sjálfsbjörg á Ísafirði
Magnús G. Jóhannesson	Sjálfsbjörg Skagafirði
Marie T. Robin	Sjálfsbjörg á Vopnafirði
Svanur Ingvarsson	Sjálfsbjörg á Suðurland

1.3 Starfsfólk Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra 2022



Sigríður Agnes Sigurðardóttir tók við starfi skrifstofustjóra þann 1. september 2023. Sigríður er skrifstofu- og rekstrarstjóri samtakanna og ber ábyrgð á daglegum rekstri landssambandsins og fasteigna þeirra, fjáröflun og starfsmannahaldi.

Ásta Þórdís Skjalddal Eggertsdóttir hóf störf í maí 2023 og sinnir starfi bókara. Hún annast almenn störf bókara.



Karl Ingi Karlsson var ráðinn í september 2022 til að vinna að ýmsum viðhalds- og rekstrarmálum hússins, lóðar og þjónustar húsið í heild sinni. Karl tók við starfi umsjónarmanns fasteigna í apríl 2023.



Ólafur Tómasson hefur frá 2014 starfað að húsnæðis- og lóðatengdum verkefnum. Hans verkefni hafa m.a. verið vöktun húsnæðisins og margvísleg önnur verkefni tengd húsnæðinu.

Starfsmenn sem létu af störfum árið 2023.

Ósk Sigurðardóttir lét af störfum sem framkvæmdastjóri í maí 2023.

Guðrún Arna Kristjánsdóttir lét af störfum sem fjármálastjóri í maí 2023.

Guðbjörg Runólfsdóttir lét af störfum sem verkefnastjóri í maí 2023.

Þórður Sigríksson lét af störfum sem umsjónarmanns fasteigna í apríl 2023.

Davíð Þ. Olgeirsson lét af störfum sem starfsmaður Hjálpartækjaleigu Sjálfsbjargar í apríl 2023

2. Nefndir og starfshópar

Á árinu voru starfandi eftirfarandi nefndir og starfshópar á vegum Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra.

2.1 Kjörnefnd

Á landsfundinum 2023 var kjörin kjörnefnd, en hlutverk hennar samkvæmt lögum er að tryggja að það verði minnsta kosti einn frambjóðandi í öll embætti sem kosið skal í á landsfundi. Kjörnefnd skipuðu að loknum Landsfundi 2023: María Óskarsdóttir, Ágúst Guðjónsson og Björk Sigurðardóttir. Nefndin var kölluð saman 10 vikum fyrir Landsfund.

2.2 Laganefnd

Á Landsfundi 2023 var kjörinn hluti laganefndar, en hlutverk hennar er að fara yfir þær lagabreytingartillögur sem fram koma í aðdraganda Landsfundar, ef ástæða þykir til, og koma með samræmingar tillögur til stjórnar ef margar tillögur koma fram um sama atriðið. Stjórn kallar nefndina saman ef ástæða er til.

Laganefnd skipuðu að loknum Landsfundi 2023: Ólafía Ósk Runólfsdóttir, Margrét S. Jónsdóttir, María Óskarsdóttir, Björk Sigurðardóttir og Linda Sólrún Jóhannsdóttir.

2.3 Hjálparliðasjóður Sjálfsbjargar

Hlutverk sjóðsins er að gera hreyfihömluðum félagsmönnum Sjálfsbjargar auðveldara að ferðast með því að úthluta styrkjum fyrir hluta af ferðakostnaði aðstoðarmanneskju (hjálparliða) úr sjóðnum. Úthlutað hefur verið úr sjóðnum einu sinni á ári.

Í lok Landsfundar 2023 sátu eftirtaldir í stjórn sjóðsins: Guðrún Elísabet Bentsdóttir, Ásta Þórdís S. Guðjónsdóttir, María Óskarsdóttir, Linda Egilsdóttir og Margrét S. Jónsdóttir

2.4 Minningarsjóður Jóhanns Péturs Sveinssonar

Tilgangur sjóðsins er fyrst og fremst tvíþættur; a) að styrkja hreyfihamlaða einstaklinga til náms og b) að styrkja einstök málefni með aðgengi í huga fyrir hreyfihamlaða.

Í lok Landsfundar 2022 sat í stjórn sjóðsins: Hafdís B. Hilmarsdóttir.

2.5 Medic Alert

Sjálfsbjörg er aðildarfélag að MedicAlert. MedicAlert á Íslandi er sjálfseignarstofnun sem stofnuð var 1985 fyrir tilstilli Lionshreyfingarinnar á Íslandi og er rekin undir verndarvæng hennar. Stofnunin starfar með leyfi MedicAlert Foundation International, sem stofnað var í Kaliforníu 1956. MedicAlert er alþjóðlegt öryggiskerfi fyrir sjúklinga með bráða eða hættulega sjúkdóma og ofnæmi.

Í lok Landsfundar 2022 var Hanna Margrét Kristleifsdóttir kosin fulltrúi Sjálfsbjargar.

3. Rekstrarmál – starfsemi



3.1 Kjarkur endurhæfing

Stærsta og viðamesta rekstrareining Sjálfsbjargar Ísh. er Kjarkur endurhæfing (áður Sjálfsbjargarheimilið), en það er rekið í hluta Sjálfsbjargarhússins.

Kjarkur endurhæfing er skilgreint sem endurhæfingarstofnun fyrir hreyfihamlaða einstaklinga og í samþykktum segir m.a.: „*Kjarkur endurhæfing er heilbrigðisstofnun sem tekur sérhæfða heilbrigðisþjónustu á sviði endurhæfingar í skilningi laga nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu. Hlutverk félagsins er að veita þverfaglega einstaklingsmiðaða endurhæfingu fyrir hreyfi-hamlaða einstaklinga sem glíma við tauga- og heilaskaða. Markmið endurhæfingarinnar er að einstaklingar nái viðunandi hæfni til að geta búið sjálfstætt eftir sín áföll.*“

Hlutverk Kjarks er að „veita þverfaglega einstaklingsmiðaða endurhæfingu fyrir hreyfihamlaða einstaklinga sem glíma við tauga- og heilaskaða“. Framtíðarsýnin er „aftur út í lífið“.

Á árinu 2023 var nafni Sjálfsbjargarheimilisins breytt í Kjark endurhæfingu. Var það gert til að nafnið myndi fanga betur þá starfsemi sem félagið rekur. Starfsemin hefur tekið breytingum til að uppfylla þær þarfir sem eru til staðar í samfélaginu og með aukinni tækni og betri aðferðum hefur opnast möguleiki á meiri endurhæfingu.

Skipun stjórnar var breytt á Landsfundi 2022 og hér eftir er stjórn Kjarks endurhæfingar aðgreind frá stjórn Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra. Einnig eru gerðar kröfur til stjórnarmanna að þeir þekki til og/eða hafi menntun eða reynslu sem nýtist við rekstur Kjarks endurhæfingar.

Fjöldi stöðugilda á árinu 2023 var 50 en nokkrir starfsmenn eru í hlutastörfum. Reynt hefur verið að draga út hlutastörfum eins og hægt er en lítil starfsmannavelta var á árinu. Í dag starfar fjölbreyttur hópur starfsfólks og fagfólks hjá Kjarki og sífellt er verið að skoða leiðir til að þetta hópinn.

Ýmislegt var gert á árinu og meðal þess var haldið upp á 50 ára starfsafmæli. Því fagnað með forseta Íslands hr. Guðna Th. Jóhannessyni, heilbrigðisráðherra hr. Willum Þór Þórssyni, þjónustugegum, aðstandendum þeirra, starfsfólki og mökum, stjórn og öðrum sem hafa komið að félaginu á einn eða annan hátt í gegnum árin. Í afmælinu var nýtt nafn kynnt og opnuð ný vefsíða.

Lokið var við jafnlaunavottun, tekið upp samstarf vegna veikindaskráningar og áfram var haldið að endurbæta húsnæðið fyrir starfsmenn en húsið er komið til ára sinna og viðhald orðið aðkallandi. Endurnýjuð var búningaáðstaða starfsmanna í mótuneyti og salerni máluð. Einnig var gömlum gardinum í matsal skipt út og hurðir endurnýjaðar en þær voru upprunalegar og farnar að láta á sjá. Á 3ju hæð var útbúið hlýlegt viðtalsherbergi, handrið á göngum tekið niður og málað. Húsgögn á kaffistofu starfsmanna voru endurnýjuð og útbúinn kennslu/fyrirlestrarsalur. Einnig var útbúið þjálfunar herbergi fyrir talmeinaþjálfun og aðra iðjuþjálfun.

Starfsmenn fengu kennslu í skyndihjálpi á árinu og viðbrögðum við bruna. Starfsfólki var boðið upp á örfræðslunámskeið um m.a. notkun á hjartastuðtækjum og einkenni sykursýkis svo eitthvað sé nefnt. Einnig voru haldir starfsdagar þar sem fjallað var um áhrif höfuðáverka. Starfsmenn tóku þátt í heilsuviku, fengu heilsufarsmælingu og er þátttaka starfsmanna til fyrirmyndar. Stöðugt er unnið að því að auka samvinnu milli eininga og gengur það samstarf vel.

Kjarkur endurhæfing er alfarið rekið fyrir fjárlög frá ríkinu og var rekstrarframlagið fyrir árið 2023 um 804 milljónir króna. Hagnaður af rekstri ársins 2023 var um 22 milljónir. Reksturinn byggir á lögum nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu.

Kjarkur endurhæfing gefur árlega út ársskýrslu sem inniheldur m.a. ársreikning og nánari upplýsingar um starfið. Skýrsluna má finna á vefsíðu www.kjarkurendurhaefing.is og einnig er haldið úti facebook síðu undir nafninu Kjarkur endurhæfing og Instagramsíðu sem má finna undir heitinu kjarkur endurhaefing.

3.2 Sjálfsbjargarhúsið

3.2.1 Sagan

Árið 1965 var Sjálfsbjörg landssambandi hreyfihamlaðra (þá Sjálfsbjörg landssamband fatlaðra) ásamt Öryrkjabandalagi Íslands úthlutað lóðinni við Hátún 10-12 samkvæmt leigusamningi við Reykjavíkurborg. Sjálfsbjargarhúsið var í framhaldi byggt og fyrsti áfangi þess tekinn í notkun árið 1973. Árið 1966 undirrituðu samtökin tvö samkomulag sín á milli um uppskiptingu lóðarinnar. Ávallt hefur verið sameiginlegur skilningur aðila hvað tilheyrir hverjum. Lóðin skiptist eftir miðri götunni sunnan megin við Sjálfsbjargarhúsið og jafnframt eiga samtökin tvö sameiginlega lóðina

sem er undir Íþróttahúsi fatlaðra (Hátún 14). Heildarlóðin er tæplega 41.500 fermetrar að flatarmáli og Sjálfsbjargarhúsið er um 10.000 m² að grunnfleti á sex hæðum.

Í febrúar árið 2017 kynnti Húsnæðisnefnd Sjálfsbjörg hugmyndir að nýrri Landsmiðstöð hreyfihamlaðra sem og hugmyndir að framtíðaruppbyggingu á lóð samtakanna á opnum fundi. Í byrjun árs 2019 kemur stefna frá Brynju leigufélagi (áður Brynja, Hússjóður Öryrkjabandalags Íslands) á Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra og Reykjavíkurborg til Héraðsdóms Reykjavíkur vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar. Á níunda áratug síðustu aldar fóru lóðarhafar fram á skiptingu lóðarinnar og fyrir liggja samþykktir um slíka skiptingu eins og kom fram hér að ofan. Þeim skjölum var þó ekki þinglýst og eignaskipting ekki færð í fasteignaskrá. Þessi deila snýst um þessi mál. Kröfu stefnanda, Brynju leigufélags, var hafnað.

Málið hefur nú farið fyrir Héraðsdóm í tvígang og Landsrétt og hefur Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra unnið málið í hvert sinn. Hafa þessi málaferli nú staðið yfir á fimmta ár með tilheyrandi kostnaði. Dómur féll í málinu föstudaginn 3. mars 2023 og var Sjálfsbjörgu lsh og Reykjavíkurborg gert að greiða aðaláfrýjanda óskipt kr. 3.000.000. Engin áform eru um að halda áfram með Landsmiðstöð, en skoða þarf hvaða möguleikar eru á uppbyggingu á lóðinni í nánustu framtíð.

Haustið 2023 var stofnuð nefnd um lóðina og uppbyggingu hennar eða mögulega uppbyggingu á svæðinu. Nefndin samanstendur af tveimur aðilum frá Brynju leigufélagi, tveimur aðilum frá Sjálfsbjörg lsh. og einum frá Íþróttafélagi fatlaðra í Reykjavík. Nefndin hóf strax vinnu að samkomulagi um lóðaskiptingu og er hún í vinnslu hjá Reykjavíkurborg og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. Nefndið hefur leitað til Nordic Office of Architecture eftir samráði um frekari uppbyggingu á lóðunum þremur þar sem horft verði til framtíðarnotkunar og byggingarmagns á lóðunum. Óskað var eftir tillögum þar sem hámarkað væri það byggingarmagn sem hægt er að koma fyrir á lóðunum að teknu tilliti til núverandi notkunar öryrkja á lóðunum. Einnig er það ósk nefndarinnar að við gerð tillagna um uppbyggingu væri það haft að leiðarljósi að tryggja sem best félagslega blöndun á svæðinu.

3.2.2 Húsnæðismál 2023

Sjálfsbjargarhúsið er komið til ára sinna og var viðhald í lágmarki í þó nokkur ár. Eigandi hússins, Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra, er komin í mikla uppsafnaða verkskuld með tilheyrandi kostnaði. Meirihluti íbúða í Sjálfsbjargarhúsinu fengu yfirhalingu, en á árunum 2021- 2022 voru þær gerðar fokheldar, skipt út innréttingum í eldhúsi og baðherbergjum, nýr gólfdukur á alrými, baðherbergi og herbergi þar sem við á, ný blöndunartæki sett inn og allt málað í hól og gólf. Staðan innanhúss er því að verða mjög góð. Árið 2023 var stefnt á að mála glugga hússins en verkinu frestað.

Árið 2023 kom aðili frá Slökkviliðinu á höfuðborgarsvæðinu til þess að gera úttekt á húsinu. Langur listi athugasemda leiddi til þess að árinu var að miklu leyti varið í að laga út frá þessum athugasemdum. Ask arkitektar hafa séð um að gera nýjar teikningar í takt við breytingar á

húsnæði frá eldri teikningum ásamt því að setja inn í nýjar teikningar brunahönnun sem hefur verið í höndum Öruggr verkfræðistofu.

Stutt er síðan gluggar á suð-austur hlið hússins voru málaðir. Kominn er tími á að mála restina af gluggum hússins ásamt því að mála bláa fleti sem eru orðnir upplitaðir og húsinu ekki til sóma. Fresta þurfti gluggamálun árið 2023 en stefnt á að fara í það verkefni sem fyrst.

Sundlaugin var tæmd sumarið 2023 og stóð ónotuð út árið þar sem Kjarkur endurhæfing sá sér ekki fært að sjá um reksturinn á henni. Flísar í lauginni sjálfri voru lagfærðar í nóvember og desember. Það liggur fyrir að það þarf að skipta út gluggum í sundlaugar rýminu en þar sem þeir snúa ekki í norð-austur átt þá mæðir ekki mikið á þeim og gluggaskiptin ekki aðkallandi. Sama með gluggana sem eru á því rými sem Stjá sjúkráþjálfun leigir.

Í B-álmu eru 4. og 5. hæð ónýtt rými, sem áður voru sjúkragangar, áform voru um að breyta þeim í leiguíbúðir en hætt við það árið 2023. Samið var við Kjark endurhæfingu um að þau fengju að færa starfsemi Dagþjónustunnar á 4. hæðina og hófu þau framkvæmdir á hæðinni í nóvember 2023. Áætlun um að flytja starfsemina innan húss á vormánuðum 2024. Kostnaður húseiganda vegna viðgerða á 4. Hæð var um kr. 4.000.000. Starfsemi Kjarks er þar með á 2.-4. Hæð hússins auk þess sem leigjendur á 2.-4. hæð eru þjónustuþegar þeirra að undanskildum einum leigjanda. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um 5. hæð B-álmu og því engin áform komin um notkun á henni.

Eftir sem áður eru aðrir hlutar hússins sem eru í eigu Sjálfsbjargar í útleigu til ýmis konar starfsemi.



Nýjar merkingar eru komnar á hæðir hússins og stendur til að klára að merkja önnur rými á sama hátt til þess að auðvelda öllum sem koma í húsið að ná áttum.

3.3 Þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar

Eitt megin hlutverk ÞMS er að annast fræðslu- og upplýsingamál til hreyfihamlaðra sem og tengdra aðila. Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra fær fjölda fyrirspurna í hverri viku um ýmis málefni er varða réttindi og aðgengismál hreyfihamlaðra. Síðan þarfnast mikillar endurskoðunar og fjármagns til reksturs og ráðningar á starfsmanni. En verið er að skoða möguleika til fjármögnunar. Eins og er annast skrifstofan og formaður að svara þeim fyrirspurnum sem berast.

3.4 Hjálpartækjaleiga Sjálfsbjargar

Hjálpartækjaleigu Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra var lokað í júlí 2023 vegna hallareksturs. Í ágúst tóku Davíð Þ. Olgeirsson og Rut Jóhannsdóttir alfarið við rekstri hjálpartækjaleigunnar og stofnuðu fyrirtækið htl ehf. Þau leigja rýmið af Landssambandinu en eru í sjálfstæðum rekstri.

4. Fjármál

4.1 Fjárhagsstaðan

Óendurskoðaður ársreikningur Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra 2023 er hér aftast í skýrslunni. Ástæður fyrir því að reikningurinn er óendurskoðaður er það ástand sem bóhaldið var í á síðasta ári og ekki hafði náðst að greiða úr. Verkefni skrifstofu verða því áfram eftir landsfund að greiða úr þeirri óreglu sem var á þessum mikilvæga þætti. Fyrir liggur að eftir landsfund verður gerð leiðrétting á bókhaldinu og afstemmingum til þess að endurskoðaður ársreikningur verði að raun. Búast má við að það verði einhverjar breytingar.

Þar sést á rekstrarreikningi að rekstrartekjur ársins eru alls 221,8 milljónir króna og rekstrargjöldin eru alls 203 milljónir (án fjármagnsgjalda). Hagnaður var á rekstri ársins sem nemur 6,9 milljón krónur. Verulegur kostnaður hefur verið vegna endurbóta á íbúðum síðastliðin ár en mikil verkskuld hefur safnast upp þar sem lítið var gert fyrir húsið eða íbúa þess vegna fyrirhugaðrar sölu á því og uppbyggingar á Landsmiðstöð, eins og komið hefur fram í fyrri ársskýrslum.

Húsnæðiskostnaður ársins 2023 var 76,6 milljónir króna og hækkaði um 13 m.kr. frá árinu 2022. Verkefni framundan eru hefðbundið viðhald innandyrna þar sem er af nógu að taka til þess að viðhalda húsinu og uppfæra eftir reglugerðum. Utandyra er ennþá verk að vinna, gluggar hússins liggja undir skemmdum og liggur á að mála þá ásamt viðgerð á þaki á tveimur stöðum, C-álmu og þjónustumiðstöðinni. Alltaf koma síðan upp einhver ófyrirséð verkefni í stóru og gömlu húsi.

Brunavarnir í Sjálfsbjargarhúsinu voru yfirfarnar á árinu ásamt uppfærðum neyðarmerkingum í

samræmi við nágildandi staðla og endurteikna til þess að réttar samþykktar teikningar séu til staðar í opinberum gögnum.

Lyftur Sjálfsbjargarhússins eru gamlar og biluðu margoft á árinu og þurfti all oft að kalla út vaktmenn til að sinna viðgerðum og skipta um lyftubúnað. Kostnaður við nýjar aðallyftur er um 16 milljón krónur.

Launakostnaður starfsmanna var 59,5 milljón krónur en var 73 milljónir króna árið 2022. Fyrrum framkvæmdastjóri, fjármálastjóri, verkefnastjóri, umsjónarmaður fasteigna og starfsmaður hjálpartækjaleigu og vefverslunar létu af störfum á vormánuðum. Tekin var ákvörðun um að húsvörður sem starfaði hjá landssambandinu yrði umsjónarmaður fasteigna og ekki ráðinn annar húsvörður með honum. Einnig ákvað stjórn að formaður færi í 100% starf til að sinna framkvæmdastjóra störfum og stjórnarmaður sagði af sér úr stjórn og starfaði með formanni sem 50% starfsmaður á skrifstofu. 1. september tók nýr skrifstofustjóri til starfa. Vegna umfangs skrifstofu var starfi skrifstofustjóra breytt í starfs skrifstofu- og rekstrarstjóra í nóvember. Heildarfjöldi starfsfólks landssambandsins í lok árs 2023 voru fimm einstaklingar, þar með talinn formaður stjórnar.

Styrkir á árinu frá ÖBÍ réttindasamtökum voru um 9,3 milljónir króna og fjáraflanir Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra námu um 72,7 milljónum króna sem er ekki nema um 2,4 m.kr. hækkun frá því árið 2022.

Þegar efnahagsreikningurinn er skoðaður kemur fram að eignir í lok árs 2023 eru alls 275,4 milljónir króna. Fasteignir og lóðin er aðeins bókfært á 240 milljónir króna meðan fasteignamat Hátúns 12 er um 3,9 milljarðar króna.

Langtímaskuldir eru 91,7 milljónir króna sem er vegna láns sem var tekið, vegna kaupa á eignarhluta í Hátúni 12 (Saumahúsnæðið svokallaða).

4.2. Starfsmannamál

Þó nokkur breyting var á starfsmannamálum árið 2023. Davíð Þ. Olgeirsson, starfsmaður hjálpartækjaleigu, lét af störfum í apríl. Vegna samstarfsvanda lét framkvæmdastjóri félagsins af störfum í byrjun maí 2023 og létu fjármálastjóri og verkefnastjóri einnig af störfum í kjölfarið. Formaður tók við daglegum rekstri skrifstofunnar ásamt þáverandi gjaldkera stjórnar, Ástu Þórdísi Skjalddal Eggertsdóttur. Ásta Þórdís sagði sig úr stjórn til þess að hjálpa til við það stóra verkefni. Í byrjun maí tók Karl Ingi Karlsson, þáverandi húsvörður, við sem umsjónarmaður fasteigna. Í byrjun september kom Sigríður Agnes Sigurðardóttir til starfa sem nýr skrifstofu- og rekstrarstjóri. Allt samstarf stjórnar við skrifstofu félagsins sem og innan skrifstofu hefur gengið fram úr vonum eftir þessar viðamiklu skipulagsbreytingar.

4.3 Helstu tekjupóstar og fjáraflanir

Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra heldur reglulega úti ýmsum fjáröflunum sem í áranna rás hafa gefið samtökunum umtalsvert fjármagn til reksturs þeirra. Fjárpörfin er mikil svo unnt sé að halda úti öflugum málefnnastarfi og halda við stóru húsnæði sem komið er til ára sinna. Því er afar mikilvægt að vera sífellt vakandi yfir nýjum hugmyndum að fjáröflunum og eru félagar hvattir til að koma góðum hugmyndum á framfæri. Hér á eftir eru helstu fjáraflanir samtakanna kynntar frekar.

4.3.1 Húsaleiga

Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra stendur í umtalsverðum leigurekstri í Sjálfsbjargarhúsinu og hefur gert í fjölda ára. Húsaleigutekjur er stærsti einstaki tekjupóstur samtakanna, eða um 124,4 milljónir króna árið 2023 samanborið við 116,3 milljónir króna árinu áður. Um er að ræða tvenns konar útleigu; annars vegar íbúðaleigu og hinsvegar leiga á húsnæði fyrir fyrirtæki. Íbúðaleigan er bæði almenn leiga íbúða til hreyfihamlaðra og fyrir þjónustuþega hjá Kjarki endurhæfingu. Kjarkur hefur verið með íbúðir á 2., 3. og 4. hæð eyrnamerkta sér og ef íbúðir á þeim hæðum standa tómar greiðir Kjarkur leigu af þeim.

4.3.2 Hapdrætti

Hapdrætti hafa verið fastur tekjupóstur Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra í langan tíma. Um árabíl hafa verið rekin tvö hapdrætti með sama sniði ár hvert. Annað er nefnt Jónsmessuhapdrætti og er dregið í því á Jónsmessudag þann 24. júní. Hitt er áramótahapdrætti og er dregið í því þann 31. desember. Afkoma hapdrættanna ræðst eðlilega af útlæði vinninga og hvort stærsti vinningurinn gangi út hverju sinni. Árið 2023 voru 2.000 miðar settir í netsölu í hvoru hapdrætti fyrir sig.

4.3.3 Hollvinir Sjálfsbjargar

Hollvinir Sjálfsbjargar er hópur sem styrkir félagið með mánaðarlegu framlagi. Takk! Sér um að hringja út og afla hollvina ásamt því að sinna aðhaldi með reglulegum fréttum af félaginu í samstarfi við formann og skrifstofustjóra auk þess að hringja og kanna hvort hollvinir vilji og geti hækkað mánaðarlegt framlag. Að meðaltali 43% þeirra sem fengu tölvupósta með fréttum af Sjálfsbjörg lsh opnuðu póstana. Á árinu sá Takk! um herferð í formi fordómaprófs á samfélagsmiðlum til þess gert að afla fleiri hollvina. Um 3.100 manns tók þátt í fordómaprófinu og árið 2023 bættist 271 hollvinur í hópinn og voru tekjur frá Hollvinum um 34,2 milljónir árið 2023.

Hér er um góða framtíðarfjáröflun að ræða og næst öflugasti tekjupóstur samtakanna.

4.3.4 Styrkur ÖBÍ réttindasamtaka

Árlega veita ÖBÍ réttindasamtök fastan styrk til sinna aðildarféлага og er þar tekið tillit til félaga fjölda hvers og eins. Jafnframt hafa síðustu ár verið veittir viðbótarstyrkir ef afkoma ÖBÍ réttindasamtaka hefur hefur verið góð. Árið 2023 fékk Sjálfsbjörg landssamband um 5 milljón krónur í rekstrarstyrk ásamt um 1,1 milljón króna í viðbótarstyrk í lok árs. Auk þess fékk Sjálfsbjörg 3 milljón króna verkefnastyrk til þess að gera úttekt á íþróttamannvirkjum út um allt land. Samtals voru styrkir til Sjálfsbjargar því um 9,2 milljón krónur á árinu. Vegna anna sá félagið sér ekki fært í að fara í verkefnið sem fylgdi verkefnastyrknum og verður hann því greiddur tilbaka.

5. Félagsmálin

Landsfundur 2023

Landsfundur Sjálfsbjargar lsh. átti að vera haldinn í Reykjavík 29. apríl 2023 á Grand hótél. Á fundinn voru mættir 24 fulltrúar frá 8 aðildarfélögum Sjálfsbjargar ásamt stjórn þegar upp komst að ekki lágu öll gögn fyrir og bar formaður því upp þá tillögu að frestað yrði fundinum fram á haust. Var sú tillaga samþykkt samhljóða.

Landsfundur var haldinn rafrænn 23. September 2024.

Landsfundi Sjálfsbjargar eru gerð ítarlegri skil í fundargerð á heimasíðu Sjálfsbjargar.

6. Málefnnastarfið

6.1 Aðgengismál

Þrátt fyrir tilkomu laga um algilda hönnun árið 2012 og fjölbreytt aðgengisverkefni á síðustu árum, eigum við enn langt í land með að tryggja aðgengi allra alls staðar, að byggingum, þjónustu, námi og atvinnu svo eitthvað sé nefnt. Lög og reglur eru túlkaðar misjafnlega og þekkingu á þessum málaflokk hjá ríki og sveitarfélögum er ábótavant.

Samstarfsverkefni með Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, Ferðamálastofu og ÖBÍ réttindasamtökum

Hafist var handa við nýtt og spennandi samvinnuverkefni árið 2021, en markmiðið er að efla fræðslu og þekkingu á aðgengismálum innan ferðaiðnaðarins. Útbúinn hefur verið sérstakur úttektarlisti út frá aðgengislykli Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra og einnig fræðsluefni sem eigendur, rekstraraðilar og starfsmenn gististaða og veitingastaða kynna sér. Ef allt er eins og það á að vera fá staðirnir sérstakt merki á heimasíðu sína, sem loforð um að aðgengismálin

séu í lagi. Verkefninu var formlega ýtt úr vör haustið 2022 og kynnt á Grand Hótel. Árið 2023 var verkefninu haldið áfram og hafa fyriræki tekið vel í verkefnið. Á árinu 2024 er áætlað að stækka verkefnið og er Ferðamálastofu mjög annt um að gera ferðaiðnaðinn á Íslandi eins aðgengilegan og hægt er.

Römpum upp Ísland



Aðgengi á Íslandi er oft mjög takmarkandi fyrir hreyfihamlaða. Því er mikilvægt að koma upp römpum eða tryggja aðgengi með öðrum hætti. Ramparnir geta verið jafn misjafnir og þeir eru margir — og þeir eiga svo sannarlega að vera margir. Oft þarf ekki annað en að leysa aðgengi upp eina tröppu eða yfir háan þröskuld með einföldum hætti og með sameiginlegu átaki þjónustuaðila, verktaka og yfirvalda á þetta ekki að vera mikið mál og með því stuðlum við að bættu umhverfi og betra aðgengi.

Í mars 2022 hófst verkefnið Römpum upp Ísland og er markmiðið í þetta sinn að byggja 1500 rampa um allt land á næstu 4 árum. Í lok árs 2023 höfðu 1.000 rampar verið gerðir. Verkefnið mun klárast í mars 2025.

Haraldur Þorleifsson, frumkvöðull og stofnandi hönnunar fyrirtækisins Ueno, er hvatamaður verkefnisins. Stofnfé sjóðsins eru framlög einstaklinga, fyrirtækja, samtaka og stofnana sem vilja leggja sitt af mörkum til að tryggja aðgengi hreyfihamlaðra um allt land. Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra er stoltur styrktaraðili að verkefninu og á tvo fulltrúa í stjórn; Þuríður Harpa Sigurðardóttir, fyrrum formaður ÖBÍ, er varaformaður stjórnar Römpum Upp Ísland og er Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir, formaður Sjálfsbjargar, varamaður í stjórn.



Mynd tekin í janúar 2023 við vígslu fyrstu aðgengilegu bensínstöðvarinnar.

7. Upplýsingamál

7.1 Ársskýrsla

Árlega gefur Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra út ársskýrslu sem lögð er fram á árlegum Landsfundi samtakanna. Í ársskýrslunni er farið yfir helstu starfsemi á vegum samtakanna það árið, stjórn og starfsfólk á yfirstandandi ári kynnt, þau málefni sem verið er að vinna að kynnt og ársreikningur samtakanna birtur. Ársskýrsluna má síðan finna á vefsíðu Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra.



7.2 Klifur

Tímarit Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra, Klifur, kom út í september 2023 í 3500 eintökum. Blaðinu var m.a. dreift til allra félagsmanna, á sjúkrahús, heilsugæslur, skóla og til styrktaraðila. Í blaðinu voru fréttir af starfi Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra á árinu og mörg viðtöl meðal annars við Ingu Björk doktorsnema og umfjöllun um NPA, viðbygging Grensáss og hjálparhunda. Ritstjóri blaðsins var Páll Tómas Finnsson.

Inga Björk Margrétar Bjarnadóttir prýddi forsiðu Klifurs 2023

8. Tengingar út í samfélagið

Nefndir, samtök og starfshópar sem Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra er aðili að eða sem félagsmenn Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra taka þátt í fyrir hönd samtakanna.

ÖBÍ réttindasamtök

Fulltrúar Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra á aðalfundi ÖBÍ réttindasamtaka 2023 voru: Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir, Jón Heiðar Jónsson, Þuríður Harpa Sigurðardóttir og Alma Ýr Ingólfssdóttir

Sjálfsbjargar félagar í stjórnkerfi ÖBÍ réttindasamtökum:

Formaður ÖBÍ réttindasamtaka: Alma Ýr Ingólfssdóttir (2023-)

Gjaldkeri í stjórn: Jón Heiðar Jónsson (2020-2024)

Aðalfulltrúi í stjórn: Guðni Sigmundsson (2022-2024)

Aðalfulltrúi í stjórn: Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir (2023-2025)

Málefnaþing ÖBÍ réttindasamtaka um aðgengi

Formaður: Bergur Þorri Benjamínsson

Málefnaþing ÖBÍ réttindasamtaka um heilbrigðismál

Varafulltrúi: Elmar Logi Heiðarsson

Málefnaþing ÖBÍ réttindasamtaka um húsnæðismál

Aðalfulltrúi: Ásta Þórdís Skjalddal Guðjónsdóttir

Málefnaþing ÖBÍ réttindasamtaka um atvinnu- og menntamál

Aðalfulltrúi: Pála Kristín Bergsveinsdóttir

Málefnaþing ÖBÍ réttindasamtaka um kjaramál

Aðalfulltrúi: Guðni Sigmundsson

Hvatningarverðlaun ÖBÍ réttindasamtaka

Aðalfulltrúi: Helga Magnúsdóttir

NHF – norrænt bandalag hreyfihamlaðra á Norðurlöndum

Tengiliður: Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir

Námssjóður Sigríðar Jónsdóttir

Formaður: Guðríður Ólafs Ólafíudóttir

Aðalfulltrúi: Eva Þórdís Ebenezersdóttir

Sjóður Odds Ólafssonar

Varafulltrúi: Þorbera Fjöl意思dóttir

List án landamæra

Aðalfulltrúi: Guðríður Ólafs Ólafíudóttir

Íslensk Getspá

Aðalfulltrúi: Bergur Þorri Benjamínsson

TMF-Tölvumiðstöð

Varafulltrúi: Sævar Guðjónsson

Ráð Háskóla Íslands um málefni fatlaðs fólks

Fulltrúi stúdenta: Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir

Málefni fatlaðs fólks innan sveitarfélaga

Margir Sjálfsbjargarfélagar eru virkir í ýmsum nefndum og ráðum innan sinna sveitarfélaga.

Almannaheill

Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra er með aðild að Almannaheillum samtökum þriðja geirans

Römpum upp Ísland

Þuríður Harpa Sigurðardóttir varaformaður og Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir varamaður í stjórn.

9. Helstu mál á fundum stjórnar Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra árið 2023



Helstu verkefni stjórnar eru að stýra starfsemi Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra og annast málefni samtakanna á milli landsfunda þar sem stjórnarmenn eru kosnir til þeirra starfa skv. lögum samtakanna.

Á vettvangi stjórnar er bæði fjallað um málefni er varða baráttumálin og málefnastarfið en einnig meiriháttar ákvarðanir er varðar rekstrarmál sem stjórn felur svo starfsmönnum að koma í framkvæmd.

Stjórn Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra fundar að jafnaði einu sinni í mánuði. Hér á eftir er yfirlit yfir helstu mál sem voru til umfjöllunar á árinu 2023. Þess ber þó að geta að hér er ekki um að ræða tæmandi lista þar sem formaður, og eftir atvikum aðrir stjórnarmenn, hafa sótt fjölda funda sem varðar málefni hreyfihamlaðra eða þeim tengd.

Mikið álag var á stjórn á árinu 2023. Samstarfsvandi við fyrrum framkvæmdastjóra félagsins hafði töluverð áhrif á störf stjórnar og var helsta mál stjórnar á árinu. Stjórn vann hörðum höndum við að endurreisa félagið og að koma fjármálum og starfsmannamálum í lag. Önnur umræðuefni voru viðhaldsmál, lok Brynju-málsins svokallaða, fjáraflanir, hjálpartækjamál, aðgengismál, virkni aðildarféлага og svo lengi mætti telja.

10. Aðildarfélög Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra og stjórnarfólk 31.12. 2023

Sjálfsbjörg á Akureyri og nágrenni

Herdís Ingvadóttir

formaður

Ívar Herbertsson	varaformaður
Jósep Sigurjónsson	gjaldkeri
Kristín Sigfúsdóttir	ritari
Sigrún María Óskarsdóttir	meðstjórnandi

Varamenn:

Jakob Tryggvason

Linda Egilsdóttir

Rúnar Þór Björnsson

Sjálfstjórnun í Austur-Húnavatnssýslu

Ingunn María Björnsdóttir	formaður
Kristín Hrönn Árnadóttir	varaformaður
Auður Ingibjörg Hafsteinsdóttir	gjaldkeri
Jón Sigurðsson	ritari
Sigríður Höskuldsdóttir	meðstjórnandi
Bjarni Stefánsson	meðstjórnandi

Sjálfstjórnun í Bolungarvík

Kristján Karl Júlíusson	formaður
Ólafía Ósk Runólfssdóttir	varaformaður
Nikólína Beck Þorvaldsdóttir	gjaldkeri
Margrét Sæunn Hannesdóttir	ritari
Magnús Ingi Jónsson	meðstjórnandi
Anna Torfadóttir	meðstjórnandi

Sjálfsbjörg á Siglufirði / Fjallabyggð

Hafdís Eyland Gísladóttir	formaður
Sigurrós Sveinsdóttir	varaformaður
Sólveig Halla Kjartansdóttir	gjaldkeri
Guðný Guðmundsdóttir	ritari
Björg Einarsdóttir	meðstjórnandi
Finnur Óskarsson	meðstjórnandi
María Lillý Ragnarsdóttir	meðstjórnandi

Sjálfsbjörg á mið-Austurlandi

Guðni Sigmundsson	formaður
Berglind Sigurðardóttir	varaformaður
Þórir Dan Friðriksson	gjaldkeri
Jóna Björg Guðmundsdóttir	ritari
Sigríður Birna Ólafsdóttir	meðstjórnandi

Sjálfsbjörg á Húsavík og nágrenni

María Óskarsdóttir	formaður
Hermann Larsen	gjaldkeri
Sigurbjörg Jóhannesdóttir	ritari

Varamenn:

Agnar Kári Sævarsson
Kristbjörn Óskarsson
Einar Þór Kolbeinsson

Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu

Grétar Pétur Geirsson	formaður
Hannes Sigurðsson	varaformaður
Arndís Baldursdóttir	gjaldkeri
Brandur Bryndísarson Karlsson	ritari
Guðmundur Haraldsson	meðstjórnandi

Varamenn:

Ólafur Bjarni Tómasson
Guðrún Elísabet Bentsdóttir
Sigvaldi Búi Þórarinnsson
Pála Kristín Bergsveinsdóttir

Sjálfsbjörg á Ísafirði

Hafsteinn Vilhjálmsson	formaður
Auður Björnsdóttir	varaformaður
María Hagalínsdóttir	gjaldkeri
G. Sigríður Þórðardóttir	ritari
Helga Þuríður Magnúsdóttir	meðstjórnandi

Varamenn:

Hrefna Magnúsdóttir
Halla Sigurðardóttir

Sjálfsbjörg í Skagafirði

Magnús G. Jóhannesson	formaður
Sigurjón Heiðar Sigurbjörnsson	varaformaður
Stefanía Fjola Finnbogadóttir	gjaldkeri

Eyðís Eysteinsdóttir	ritari
Sigríður Gunnarsdóttir	meðstjórnandi
Ólafur R. Ólafsson	meðstjórnandi

Sjálfsbjörg á Suðurlandi

Svanur Ingvarsson	formaður
-------------------	----------

Sjálfsbjörg á Suðurnesjum

Margrét S. Jónsdóttir	formaður
Guðný P. Adolfsdóttir	varaformaður
Vilhelmína Pálsdóttir	gjaldkeri
Ágúst Guðjónsson	ritari
Hafdís B. Hilmarsdóttir	meðstjórnandi
Auður Brynjólfssdóttir	meðstjórnandi
Jóna B. Kristinsdóttir	meðstjórnandi

Sjálfsbjörg á Vopnafirði

Marie Therese Robin	formaður
Haraldur Jónsson	gjaldkeri
Björn Halldórsson	ritari

11. Drög að ársreikningi Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra fyrir 2023

2

Rekstrarreikningur ársins 2023

	Skýringar	2023	2022
Rekstrartekjur			
Framlög og styrkir		9.285.759	8.082.968
Fjárfælanir, hollvinir, happdrætti o.fl.		72.648.914	70.360.101
Húsaleigutekjur		136.959.809	116.298.847
Aðrar tekjur		2.857.310	8.219.561
	3	<u>221.751.792</u>	<u>202.961.477</u>
Rekstrargjöld			
Kostnaður vegna fjárfæslana		23.803.950	28.917.161
Laun og launatengd gjöld	4	59.471.435	72.961.974
Félagsmál		7.902.956	8.993.267
Húsnæðiskostnaður		76.543.217	63.591.274
Annar rekstrarkostnaður		17.384.062	16.285.852
Afskriftir	6	<u>17.942.311</u>	<u>16.600.744</u>
Rekstrarhagnaður (tap)		18.703.861	(4.388.795)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	5	<u>(11.763.180)</u>	<u>(10.204.335)</u>
		(11.763.180)	(10.204.335)
Hagnaður (tap) ársins		<u>6.940.681</u>	<u>(14.593.130)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

Eignir	Skýringar	2023	2022
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	6		
Fasteignir og lóðir		239.538.600	243.803.694
Innréttingar, áhöld og tæki		8.305.971	12.802.151
		<u>247.844.571</u>	<u>256.605.845</u>
Eignir í hlutdeildarfélögum		1.000.000	1.000.000
Fastafjármunir samtals		248.844.571	257.605.845
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	7	11.443.909	5.852.946
Kröfur á tengd félög	8	2.940.541	273.589
Handbært fé	9	12.134.452	3.437.357
		<u>26.518.902</u>	<u>9.563.892</u>
Eignir samtals		<u>275.363.473</u>	<u>267.169.737</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

Eigið fé og skuldir	Skýringar	2023	2022
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	10	<u>159.007.117</u>	<u>152.066.436</u>
		159.007.117	152.066.436
Skuldir			
Langtímaskuldir:			
Skuldir í íslenskum krónum	11	<u>86.272.583</u>	<u>87.887.463</u>
		86.272.583	87.887.463
Skammtímaskuldir:			
Aðrar skammtímaskuldir		11.149.315	8.163.908
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum	11	<u>5.364.098</u>	<u>5.144.632</u>
		30.083.773	27.215.838
Skuldir samtals		116.356.356	115.103.301
Eigið fé og skuldir samtals		<u>275.363.473</u>	<u>267.169.737</u>

Sjóðstreymi ársins 2023

	Skýringar	2023	2022
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Hagnaður (tap) ársins		6.940.681	(14.593.130)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	6	17.942.311	16.600.745
		<u>35.667.084</u>	<u>2.007.615</u>
(Hækkun) lækkun rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	7	(5.590.963)	(1.878.235)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		<u>(1.798.042)</u>	<u>3.697.352</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>28.278.079</u>	<u>3.826.731</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Fjárfestingar varanlegra rekstrarfjármuna	6	(9.181.037)	(24.323.913)
		<u>(9.181.037)</u>	<u>(24.323.913)</u>
Fjármögnunarahreyfingar			
Afborganir langtímalána	11	(12.179.506)	(2.006.228)
Tengdir aðilar, breyting	8	1.779.559	3.687.552
		<u>(10.399.947)</u>	<u>1.681.324</u>
Lækkun (hækkun) á handbæru fé		8.697.095	(18.815.858)
Handbært fé í byrjun árs		<u>3.437.357</u>	<u>22.253.215</u>
Handbært fé í árslok		<u>12.134.452</u>	<u>3.437.357</u>

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra eru samtök aðildarfélaga Sjálfsbjargar sem starfa víða um land og bera öll nafn Sjálfsbjargar og svo staðsetningar.

Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur félagsins er að Hátúni 5, 105 Reykjavík. Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra er ekki skattskyld.

2. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir. Ársreikningurinn er gerður miðað við áframhaldandi starfsemi.

Við gerð reikningsskilaanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

3. Innlaun tekna

Tekjur eru færðar þegar eignarréttur og áhætta hefur færst yfir til kaupanda og hægt er að meta fjárhæðina með ábyggilegum hætti. Tekjur eru færðar á gangvirði móttekins gagngjalds eða kröfu, og endurspeglar móttekna fjárhæð fyrir selda vöru eða þjónustu að frádregnum afslætti, vöruskilum og virðisaukaskatti.

Vörusala

Tekjur af vörusölu eru færðar við afhendingu. Tekjur eru færðar á gangvirði móttekins gagngjalds eða kröfu, og endurspeglar móttekna fjárhæð fyrir selda vöru eða þjónustu að frádregnum afslætti og vöruskilum.

Sala á þjónustu

Tekjur af veittri þjónustu eru færðar á því tímabili þegar þjónustan er veitt í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörsdegi. Staða verks tekur mið af raunverulegri veittri þjónustu sem hlutfall af heildarþjónustu sem veita skal.

4. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld ársins sundurliðast þannig:

	2023	2022
Laun	47.556.976	57.446.314
Mótframlag í lífeyrissjóð	6.146.260	7.697.617
Launatengd gjöld	5.106.287	6.378.720
Annar starfsmannakostnaður	661.912	1.439.323
	<u>59.471.435</u>	<u>72.961.974</u>

Fjöldi ársverka á reikningsárinu eru 6 en það er óbreytt frá fyrra ári.

Skýringar

5. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	Banka- reikningar	Langtíma- eign / skuld	Aðrir liðir	Samtals 2023	Samtals 2022
Vaxtatekjur og verðbætur	143.609	0	0	143.609	166.371
Vaxtagjöld og verðbætur	0	(11.042.128)	(864.661)	(11.906.789)	(10.370.706)
	143.609	(11.042.128)	(864.661)	(11.763.180)	(10.204.335)

6. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Fasteignir og lóðir	Innréttingar, áhöld og tæki og hugbúnaður	Samtals
Árslok 2022:			
Bókfært verð í ársbyrjun	233.871.748	15.010.928	248.882.676
Viðbætur ársins	20.648.148	3.675.765	24.323.913
Afskriftir	(10.716.202)	(5.884.542)	(16.600.744)
Bókfært verð í árslok	243.803.694	12.802.151	256.605.845
Bókfært verð í árslok 2022 greinist þannig:			
Kostnaðarverð	719.312.494	56.194.637	775.507.131
Afskrifað samtals	(475.508.800)	(43.392.486)	(518.901.286)
Bókfært verð í árslok	243.803.694	12.802.151	256.605.845
Árslok 2023:			
Bókfært verð í ársbyrjun	243.803.694	12.802.151	256.605.845
Viðbætur ársins	7.724.103	1.456.934	9.181.037
Afskriftir	(11.989.197)	(5.953.114)	(17.942.311)
Bókfært verð í árslok	239.538.600	8.305.971	247.844.571
Bókfært verð í árslok 2023 greinist þannig:			
Kostnaðarverð	727.036.597	57.651.571	784.688.168
Afskrifað samtals	(487.497.997)	(49.345.600)	(536.843.597)
Bókfært verð í árslok	239.538.600	8.305.971	247.844.571
Fasteignir			0-12%
Innréttingar, áhöld og tæki			33%

Skýringar

6. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

Áætlaður nýtingartími og hrakvirði er endurmetið og aðlagð, ef þörf er á, í lok hvers reikningssárs.

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söluðegi og er hluti af rekstrarhagnaði. Þegar eignir eru seldar sem endurmetnar hafa verið sérstaklega, eru fjárhæðir á sérstöku endurmati meðal eigin fjár sem tilheyra viðkomandi eignum millifærðar á óráðstafað eigið fé.

Fasteignamat og váttryggingaverðmæti

Fasteignir sambandsins í árslok 2023 voru eftirtaldar:	Fasteigna- mat	Brunabóta- mat	Bókfært verð
Hátún 12, Reykjavík	3.885.500.000	3.639.450.000	239.538.600
	<u>3.885.500.000</u>	<u>3.639.450.000</u>	<u>239.538.600</u>

Veðsetningar

Á fasteignum sambandsins í Hátúni 12 hvíla þinglýst veð og skuldbindingar til tryggingar skuldum þess, sem voru að uppgreiðsluvirði kr. 93 milljónir í árslok 2023.

7. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig:	2023	2022
Viðskiptakröfur	10.682.625	5.091.662
Aðrar skammtímakröfur	761.284	761.284
	<u>11.443.909</u>	<u>5.852.946</u>

Engin niðurfærsla hefur verið færð vegna viðskiptakrafna.

8. Viðskipti við tengda aðila

Tengdir aðilar Sjálfsbjargar eru Kjarkur, aðildarfélag Sjálfsbjargar sem starfrækt eru viðsvegar um landið, framkvæmdarstjórn samtakanna og aðrir lykilstarfsmenn. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

	2023	2022
Tekjur	45.920.175	39.304.647
Gjöld	1.936.637	1.490.237
<i>Kröfur á tengda aðila</i>		
Kjarkur	2.940.541	56.382
Sjálfsbjargarfélagin	0	217.207
	<u>2.940.541</u>	<u>273.589</u>

Engin niðurfærsla hefur verið færð vegna lána til tengdra aðila.

Skýringar

9. Handbært fé

Handbært fé samkvæmt efnahagsreikningi og sjóðstreymi samanstandur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

10. Eigið fé

Yfirlit um breytingu á eigin fé

	Óráðstafað eigið fé
Hreyfingar 2022:	
Staða í ársbyrjun	166.659.565
Tap ársins	(14.593.130)
Staða í árslok	152.066.436
Hreyfingar 2023:	
Staða í ársbyrjun	152.066.436
Hagnaður ársins	6.940.681
Staða í árslok	159.007.117

11. Langtímaskuldir

	2023	2022
Skuldir í íslenskum krónum:		
Óverðtryggðar skuldir. Vextir 13,15 %	91.636.681	93.032.095
	91.636.681	95.038.323

Framangreind vaxtahlutföll eru vegnir meðalvextir viðkomandi lánaflokka í samræmi við vaxtakjör lána í árslok.

Afborganir af langtímaskuldum sambandsins í árslok 2023 greinast þannig á næstu ár:

Árið 2024	5.364.098
Árið 2025	5.364.098
Árið 2026	5.364.098
Árið 2027	5.364.098
Árið 2028	5.364.098
Síðar	64.816.189
	91.636.681

Langtímaskuldir samtals kr. 91.636.681 koma þannig fram í efnahagsreikningi:

Afborganir ársins 2024, færðar meðal skammtímaskulda	5.364.098
Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar	86.272.583
	91.636.681

Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2024. Áfallnar verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikningi.

Lántaka er færð í upphafi á gangvirði að frádregnum viðskiptakostnaði sem stofnað er til. Lántaka er síðan færð á afskrifuðu kostnaðarverði. Mismunur, ef einhver er, á andvirðinu (að frádregnum viðskiptakostnaði) og innlausnarvirði er fært í rekstrarreikning að teknu tilliti til reglubundinnar dreifingar affalla/yfirverðs.